

Miðvikudaginn 11. maí 1977.

Nr. 122/1974. **Þorsteinn Haraldsson**

(Brynjólfur Kjartansson hdl.)

gegn

Lárusi Ingimarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Hamarsbúðinni h/f og

(Gunnar Sólnes hdl.)

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Flugeldar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1974. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 1.772.741 krónu með 7% ársvöxtum frá 19. febrúar 1966 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 16. apríl 1975.

Stefndi Lárus Ingimarsson krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi Hamarsbúðin h/f krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröf-

ur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi hans. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar, en málskostnaður látinn falla niður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Kr. Guðmundar Guðmundssonar tryggingastærðfræðings um örorkutjón áfrýjanda, dags. 29. apríl 1977.

Það athugast, að af hálfu áfrýjanda er höfð uppi hærri fjárkrafa í Hæstarétti en gerð var í héraði, án þess að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem 45. gr. laga nr. 75/1973 setur fyrir því, að leyfð verði aukin kröfugerð í Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hafa ekki komið fram í Hæstarétti nein gögn, sem hnekki því áliti Bergsveins Ólafssonar augnlæknis, að mjög ósennilegt sé, að áfrýjandi hafi hlotið meiðsl sín af völdum skotelds þess, sem í málinu greinir. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 160.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Þorsteins Haraldssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, 160.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. mars 1974.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er höfðað af Þorsteini Haraldssyni, Álftamýri 6 hér í borg, gegn Lárusi Ingimarsyni framkvæmdastjóra, Vitastíg 8 hér í borg, með stefnu, birtri

12. febrúar 1970, gegn Hamarsbúðinni h/f hér í borg með stefnu, birtri 30. janúar 1970, og gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, birtri 17. febrúar 1970.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 1.724.482 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 5. janúar 1970, hefur stefnandi fengið gjafsókn í málinu.

Stefndi Lárus Ingimarsson gerir nú þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi Hamarsbúð h/f krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst einnig sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Dómurinn hefur leitast við að sætta aðiljana, en þær tilraunir hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að aðfaranótt 1. janúar 1964, en hann var þá 14 ára að aldri, hafi hann verið staddur að Holtsgötu 10 hér í borg ásamt piltunum Ólafi Valssyni, 12 ára, og Birni Valdimar Gunnarssyni, 14 ára, og skotið flugeldi á tröppum hússins. Flugeld þennan hafi Ólafur keypt í Hamarsbúð h/f við Tryggvagötu hér í borg fyrir áramótin, en Hamarsbúð h/f hafi keypt flugeldinn hjá Heildverslun Lárusar Ingimarssonar, en nefndur Lárus hafi flutt flugelda af þessari gerð til landsins frá Japan. Lárus hafi látið breyta flugeldunum hér á landi á þann veg, að í stað þess að eiga að standa á fjórum pappafótum á jörðu, er þeim væri skotið, hafi verið fest við þá plaströr, er ætlað var, að stæði ofan í flösku, er skotið væri. Þannig hafi flugeldur sá verið, er skotið var, er síðargreint slys skeði. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi fengið neista eða eitthvað annað úr flugeldinum í vinstra augað, þegar hann skaut flugeldinum, með þeim afleiðingum, að hann hafi orðið alblindur á auganu.

Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu skaðabóta úr hendi

stefndu vegna þess tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir af slysi þessu.

Stefnandi skýrir svo frá, að fljótlega eftir slysið hafi málið komið til kasta rannsóknarlögreglunnar, sem m. a. hafi tekið skýrslur af piltunum Ólafi og Birni Valdimar. Þær skýrslur hafi glatast. Hafi lögmaður stefnanda með bréfi til rannsóknarlögreglunnar, dagsettu 6. febrúar 1967, óskað eftir frekari rannsókn í málinu. Hófst sú rannsókn hinn 28. febrúar 1967, með því að tekin var skýrsla af Ólafi Valssyni. Áður höfðu stefnandi og faðir hans, Haraldur Þorsteinsson, skráð niður skýrslur um atburð þennan, dómsskjöl nr. 5 og 6. Eru þær skýrslur báðar dagsettar 25. maí 1964.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu bréf frá stefnda Hamarsbúð h/f, dagsett 21. september 1964, og er það svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni hr. Haraldar Þorsteinssonar, Álftamýri 6, Reykjavík, vottast, að við fengum frá heildv. Lárusar Ingimarssonar, Vitastíg 8 A, Rvk., skv. nótu nr. 42 þ. 21/12 1963, 288 stk. „Orion“-flugelda, sem voru seldir í verzlun vorri um sl. áramót, og var okkur tjáð af ofan nefndri heildverzlun, að flugeldar þessir væru með umbúnaði skv. fyrirmælum eftirlitsmanna lögreglunnar.“

III.

Í skýrslu stefnanda, sem er dagsett 25. maí 1964, segir m. a.: „Hinn 31. desember sl. fór ég undirritaður í heimsókn til frændfólks míns að Holtsgötu 10, Reykjavík, milli kl. 8 og 9 um kvöldið. Dvaldi ég hjá fjölskyldu þessari um kvöldið og ætlaði að halda upp á áraskiftin hjá henni. Undir miðnætti fórum við Ólafur út á lóð hússins, Brekkustígs megin, með flugelda, sem við hugðumst senda á loft. Til okkar kom jafnaldri okkar og nágranni Ólafs, Björn Gunnarsson, Holtsgötu 13. Skutum við á loft tveimur stórum flugeldum og ætluðum þvínæst að skjóta á loft þeim þriðja, sem var af annarri gerð og minni. Tókst okkur ekki, sökum kuls, að tendra kveikinn þar, sem við vorum, og fluttum við okkur því í skjól uppi á tröppum hússins. Flugeldur sá, er hér um ræðir, var keyptur í Hamarsbúðinni í Tryggvagötu, og átti Ólafur hann. Af framleiðandans hálfu er ætlast til, að flugeldurinn standi á fjórum, þar til gerðum löppum úr pappa, en hafði verið breytt þannig, að við hann var fest rör af þeirri gerð, sem notuð eru til að sjúga drykk úr flösku. Var til þess ætlast, að rörið væri í flösku, er flugeldurinn væri tendraður, og gerði ég það. Í stað

Þess að hefjast á loft, eins og við væntum, er við biðum, heyrði ég hveit og fann, að eitthvað fór í vinstra augað á mér. Fórum við þá strax inn og fékk ég kaldan bakstur við augað og við höfuðverk, sem ég fékk við sprenginguna. Lagðist ég fyrir til að jafna mig og lá fyrir í um það bil hálf klukkustund. Fannst mér þá ég vera mun skárri og fór niður í kjallara til foreldra Vals, sem þar búa. Vildi ég ekki gera neitt úr þessu óhappi mínu við frændfólk mitt. Klukkan eitt á nýársnótt var mér svo ekið heim til mín á Miklubraut 56. Mamma og pabbi voru heima, er ég kom. Sagði ég þeim, hvað fyrir hefði komið, en taldi það lítilvægt. Háttaði ég síðan, en gat ekki sofnað og var nú orðinn illa haldinn af höfuðverk og vanlíðan. Bað ég mömmu um magnyltöflu og sofnaði skömmu eftir að ég hafði tekið inn töfluna. Svaf ég slit-rótt og fremur óvært til morguns. Vanlíðan mín jókst eftir því, sem á daginn leið, og klukkan fjögur um daginn fór ég með föður mínum á slysavarðstofuna. Varðlæknir þar hafði strax samband við Bergsvein Ólafsson, augnlækni, sem lét okkur koma heim til sín og síðan á lækningastofu sína. Að rannsókn hans lokinni hlutaðist hann til, að ég fengi rúm í Landakotsspítala þá strax, og þangað var ég kominn klukkan hálfátta um kvöldið.“

Hinn 6. maí 1967 gaf stefnandi skýrslu hjá rannsóknarlögreglu-
unni. Þar segir m. a. svo: „Það var nokkur stormgjóla úti, og við höfðum gert ítrekaðar tilraunir til að kveikja í rakettunni, án þess að það tækist. Þá fluttum við okkur í skjól upp á tröppurnar framan við húsið. Þar stungum við neðri enda rakettunnar niður í flöskustút og létum svo flöskuna standa á upphækkuðum stein-
palli, fremst á tröppunum. Þar kveikti ég svo í rakettunni, en þeir Ólafur og Björn stóðu hjá mér, og þó heldur á bak við mig. Um leið og kviknaði í þræði rakettunnar, forðaði ég mér frá henni, en þó aðeins stuttan spöl, því það var ekki mikið pláss þarna á tröppunum. Nú þegar loks kviknaði í rakettunni, fór hún mjög fljótlega upp, en um leið varð einhvers konar sprenging í henni, og um leið fann ég, að eitthvað hrökk í augað á mér, vinstra augað, og fann ég fljótlega til allmikils sársauka í aug-
anu.“

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 23. júní 1971 skýrt svo frá, að hann hafi ekki haft með sér neina eldflaug að Holtsgötu 10 nefnt kvöld. Stefnandi kynnti sér eldflaugarnar, sem lagðar voru fram sem dómsskjöl nr. 30 og 31 í málinu. Kvað hann þessa flugelda vera af þeirri gerð, sem hann skaut í nefnt sinn. Á eld-
flaugum þessum eru varúðarreglur skráðar á ensku. Hann kveðst

hafa byrjað að læra ensku haustið 1963, en hann minnst þess ekki að hafa reynt að lesa áletrunina á eldflauginni. Hann telur, að hann hafi notað venjulegar eldspýtur við að kveikja á eldflauginni. Hann staðhæfir, að hann hafi verið búinn að losa sig við eldspýtuna, þegar hann fékk áverkann á augað, og telur hann útilokað, að áverkinn stafi frá eldspýtunni. Hann segir, að alltaf hafi slokknað á eldspýtunum, þegar þeir gerðu tilraun til að tendra flugeldinn niðri á lóðinni, en hann kveðst ekki geta sagt um, hvort kveikjuþráðurinn styttist við þessar tilraunir. Hann segir, að hetta hafi verið á eldflauginni og ekki hafi verið að sjá neina galla á eldflauginni. Þegar stefnandi hafði tendrað eldflaugina, kveðst hann hafa fært sig aftur á bak inn í hornið á stigapallinum, en snúið fram í áttina að eldflauginni. Hann kveðst áður hafa séð pilta í Gagnfræðaskóla Austurbæjar skjóta sams konar eldflaugum á loft. Virtist honum eldflaugarnar ekki fara mjög hátt á loft, en springa, þegar þær voru komnar á að giska 4—5 metra á loft upp. Hann segir, að stuttur tími hafi liðið, frá því að hann tendraði flugeldinn og þar til hann fann, að eitthvað skall á augað, en þá kveðst hann hafa verið kominn í hornið. Hann kveðst hafa getað gert sér grein fyrir, að eitthvað óvenjulegt var við hegðun eldflaugarinnar. Hann kveðst álíta, að eldflaugin hafi sprungið án þess að geta sagt um í hvaða hæð.

Haraldur Þorsteinsson, faðir stefnanda, hefur í skýrslu sinni frá 25. maí 1964 skýrt svo frá m. a.: „Er ég gerði mér ljóst, af frásögn læknisins, að hér var um alvarlegt slys að ræða, fór ég fram á lögreglurannsókn á slysinu. Þegar ég kom á skrifstofu sakadómara, var mér vísað til Tómasar Einarssonar, lögregluþjóns. Skýrði ég honum frá erindi mínu og málavöxtum. Bað hann mig að sjá um, að Ólafur Valsson, Holtsgötu 10, og Björn Gunnarsson, Holtsgötu 13, kæmu til skýrslugjafar, sem ég veit þeir gerðu. Sonur minn hefir ekki mætt til skýrslugjafar ennþá. Á nýársdag tók Ólafur Valsson flugeld þann, er slysinu olli, til varðveislu og afhenti mér hann samdægurs eða daginn eftir. Hinn 6. janúar s.l. keypti ég í Hamarsbúðinni í Tryggvagötu flugeld af nákvæmlega sömu gerð, og eru umræddir flugeldar nú í förum mínum. Ekki veit ég til þess, að lögreglan hafi tekið skýrslu af fleirum en þessum tveimur drengjum né heldur komið á slysstaðinn. Um breytingu þá á flugeldinum, er valdur var að slysinu og um getur í skýrslu sonar míns, vil ég taka þetta fram: Verzlunarstjórinn í Hamarsbúðinni, Ólafur Flygenring, hefir tjáð mér, að umrædd breyting á flugeldum af þessari gerð,

hafi verið framkvæmd að tilhlutan lögreglunnar í Reykjavík, að því, er hann bezt viti.“

Haraldur Þorsteinsson hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi hinn 23. júní 1971, að hann hafi keypt eldflaugarnar, sem lagðar voru fram, dómsskjal nr. 30, í Hamarsbúð rétt eftir slysið. Hafi þá aðeins þessar þrjár verið eftir og aðeins ein með hettu. Hann segir, að eldflaugin, sem merkt er sem dómsskjal nr. 31, sé sú sama, sem Ólafur Valsson afhenti.

Ólafur Valsson hefur í skýrslu sinni 28. febrúar 1967 til rannsóknarlögreglunnar skýrt svo frá m. a.: „Ég hafði keypt rakettu fyrir gamlárskvöld 1963 hjá Hamri h/f, Tryggvagötu. Raketta þessi var minnsta gerð af þeim rakettum, sem þá voru seldar, og kostaði að ég held kr. 15.00. Lýsing hennar er þannig, að rakettan sjálf var í plastróri gegnsæju og plaststykki með púðri á endanum. Heima hjá mér neðan við tröppurnar vorum við Þorsteinn Haraldsson og Björn Gunnarsson að reyna að kveikja í rakettunni, en það tókst ekki. Þetta var um kl. 23.00 umrætt gamlárskvöld. Við hættum þá við tilraunir okkar þar og bárum rakettuna upp á dyrapallinn fyrir framan útidyrnar. Þar settum við prik það, sem fest var við rakettuna, í flösku, og Þorsteinn bar eld að henni. Hann kveikti í rakettunni með venjulegum eldspýtum að ég held. Björn var fyrir aftan Þorstein og ég fyrir aftan Björn. Ég snéri mér undan, er Þorsteinn bar eldinn að rakettunni og Björn víst líka. Mér virtist rakettan fara upp eins og venjulega, og ekki varð ég var við sprengingu þá. Ég veit ekki, hve hátt rakettan fór, og má vera, að hún hafi sprungið, áður en hún kom hátt upp. Þorsteinn kvartaði strax um það, að hann hefði fengið eitthvað í auga, og fórum við þá inn. Var látinn bakstur við augað. Hann fór svo fljótlega heim til sín. Þorsteinn greip fyrir augað um leið og rakettan tendraðist og sagði „Ég hef fengið eitthvað í augað“. Ég tók ekki eftir, að neitt sæi á auganu þarna á eftir, en athugaði það ekki sérstaklega. Ég veit ekki hvað kann að hafa lent í auga Þorsteins, en tel öruggt, að það hafi verið úr rakettunni.“

Ólafur Valsson hefur hér fyrir dómi 3. september 1971 lýst ofangreinda skýrslu rétta. Hann kveðst hafa keypt þrjár eða fjórar eldflaugar af umræddri gerð í Hamarsbúð, en kveðst ekki muna, hvað varð um hinar tvær eða þrjár. Engar leiðbeiningar fylgdu eldflaugunum á íslensku. Hann hafði ekki lært ensku og reyndi ekki að lesa leiðbeiningarnar, sem skráðar voru á ensku. Hann snéri sér undan, þegar stefnandi skaut umræddri eldflaug.

og fylgdist því ekki glöggt með flugi hennar, en sýndist hún fara eðlilega upp.

Björn Valdimar Gunnarsson hefur í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni hinn 1. mars 1967 m. a. skýrt svo frá: „Á gamlárskvöld 1963 var ég heima, en kom til kunningja míns Ólafs Valssonar, Holtsgötu 10, seint að kvöldi, eða nálægt kl. 23 um kvöldið. Þá var Þorsteinn Haraldsson staddur hjá Ólafi, og voru þeir báðir staddir utan húss og voru að reyna að kveikja á rakettu með eldspýtum. Ég tók ekki eftir útbúnaði rakettunnar. Okkur tókst ekki að kveikja á rakettunni neðan við tröppurnar, og fórum við því upp á dyrapallinn, en þar var fremur skjól. Ég hélt þar á flösku þeirri, sem rakettan stóð í og hélt henni frá mér með útréttum handlegg og snéri mér undan. Þorsteinn tók að sér að kveikja í rakettunni, en Ólafur var lengra frá og snéri sér undan. Þarna mun hafa kviknað strax í rakettunni, og fór hún upp úr flöskunni. Ég man ekki sérstaklega eftir neinni sprengingu, en fylgdi rakettunni ekki eftir með augunum og get því ekki sagt um ferð hennar. Ég man ekki, hvort Þorsteinn kvartaði strax um í auganu, þegar rakettan var tendruð, en við skutum ekki fleiri rakettum. Við fórum strax inn í húsið, og er inn kom, heyrði ég, að Þorsteinn kvartaði um sársauka í auga og talaði um, að hann sæi bara rautt.“

Björn Valdimar hefur hér fyrir dómi hinn 3. september 1971 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Hann minnir, að hann hafi hallað flöskunni dálítið frá sér, en botn flöskunnar hafi numið við þak kæligeymslunnar. Hann kveðst hafa snúið andliti frá eldflauginni og að dyrunum til þess að verða ekki fyrir neista-flugi. Gerði hann þetta í varúðarskyni. Þetta var fyrsta eldflaugin, sem skotið var á loft, eftir að hann kom á staðinn. Hann segir, að stefnandi hafi verið nærri kæligeymslunni, þegar hann kveikti á kveikjuþræðinum, en telur, að vel geti verið, að stefnandi hafi fært sig inn í hornið, eftir að hann hafði kveikt í þræðinum. Hann kveðst ekki hafa kunnað ensku á þessum tíma og ekki lesið varúðarreglurnar, sem skráðar eru á eldflaugina. Hann kveðst ekki hafa séð eldflaugina, sem Ólafur fann daginn eftir.

Stefndi Lárus Ingimarsson hefur í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 14. febrúar 1968 skýrt svo frá: „Fyrir áramótin 1963 flutti ég inn flugeldategund þá, sem hér eru sýnishorn af. Sá háttur var hafður á um þessa vöru svo sem ennþá er, að sýnishornum var komið til yfirlögregluþjóns, sem þá var Erlingur Pálsson, og gaf hann síðan leyfi sitt um söluna. Erlingur sam-

þykkti ekki sölu á flugeldum þeim, sem hér um ræðir, óbreyttum, og taldi hann nauðsyn á að breyta þeim þannig, að hægt væri að láta þá standa í flöskum. Ég sýndi honum þá flugeldana með álímdu plaströrinu, og samþykkti hann þá sölu á flugeldunum. Ég seldi síðan þetta „partí“, en hef ekki flutt það inn síðan, þar eð ekki hefur borgað sig að flytja það inn með þeirri breytingu, sem gera varð. Ég lét setja plaströrin á sjálfur og á minn kostnað. Ég hef aldrei orðið var við neina kvörtun vegna flugelda þeirra, sem ég hef selt, aðra en þá, sem hér er á ferð.“

Lárus Ingimarsson hefur hér fyrir dómi hinn 18. júní 1971 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Hann kveðst sjálfur hafa unnið að breytingunum á flugeldunum auk starfsfólks, sem hann réð til þess. Breytingarnar hafi verið í því fölgjar, að plaströr hafi verið lagt að belg flugeldsins og límbandi hafi síðan verið vafið utan yfir enda rörsins og yfir belginn. Aðrar breytingar hafi ekki verið gerðar. Hann minnir, að hann hafi fengið 10 flugelda lánæða úr tolli í upphafi. Með þá hafi hann farið til Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns, sem hafi skoðað flugeldana og jafnframt lýst því yfir, að flugeldurinn væri of valtur á pappafótunum, en ef hann límdi pappa eða plaströr á þá, þá mætti skjóta þeim úr gosflösku. Hann kveðst hafa breytt flugeldunum samkvæmt ábendingu yfirlögregluþjónsins, og að því loknu kveðst hann hafa farið með þá alla 10 aftur til yfirlögregluþjónsins. Daginn eftir kveðst hann hafa fengið leyfi yfirlögregluþjónsins til þess að selja flugeldana. Leyfið hafi að forminu til verið þannig afgreitt, að yfirlögregluþjónninn muni hafa áritað innflutningsskjöl, sem stefndi sýndi honum og áttu að fara til tollyfirvalda, með því að rita upphafsstafi sína á skjölin. Telur hann, að innflutningsskjöl þessi eigi að vera til í vörslum tollyfirvalda. Stefndi kveðst sjálfur ekki hafa prófað flugeldana, áður en hann setti þá á markað, enda kveðst hann hafa gengið út frá því, að lögreglan hefði prófað flugeldana með því að skjóta þeim á loft. Hann kveðst hafa gengið út frá því, að flugeldarnir hafi verið framleiddir á árinu 1963. Hann kveðst hvorki sjálfur hafa kynnt sér eðli og hættueiginleika flugelda eða hafa starfsmann með sérþekkingu á slíkum hlutum.

Bergsveinn Ólafsson augnlæknir hefur í vottorði, dagsettu 5. mars 1974, m. a. skýrt svo frá: „Perforations sárið á cornea og lesionin á ljósbrjótnum (lens) getur ekki orsakast af brennisteini frá eldspýtu eða flís úr henni. Miklu þyngri flís þarf til að fara gegn um cornea, og hlýtur hluti af rakettunni að valda svo stóru

sári á auganu. Brennisteinn eða partur af eldspýtu lendir iðulega upp í auga og veldur aðeins yfirborðsbruna á auganu, og hef ég margsinnis séð sár eftir slík óhöpp og aldrei alvarleg eftirköst eftir þau.“

Hér fyrir dómi hinn 15. mars 1974 hefur augnlæknirinn gefið vitnaskýrslu, og var þá m. a. fært til bókar: „Það er álit vitnisins, að áverkinn hafi ekki komið af bruna, að minnsta kosti ekki fyrst og fremst. Telur vitnið víst, að hlutur, sem hefur farið þarna inn í, hafi gengið allt að centimetra inn í augað. Hvorki brunaleifar né leifar af þeim hlut, sem tjóninu olli, sáust í auganu. Vitnið kynnir sér nú hettu þá, sem fylgir eldflaugunum á dskj. nr. 30. Telur vitnið mjög ósennilegt, að slík hetta hefði getað valdið umræddu tjóni. Einnig telur vitnið mjög ósennilegt, að pappi úr eldflauginni á dskj. nr. 31 hafi getað valdið tjóninu. Vitnið telur, að það sé ákveðið álit þess, að sá hlutur, sem inn í augað fór, hafi farið út úr því aftur. Vitnið telur, að allmikinn kraft hafi þurft til þess að valda tjóninu. Vitnið segir, að því þyki ótrúlegt, að eldspýta, sem rekin er í auga, geti valdið slíku tjóni, og telur, að fyrr muni hún brotna, en stærri spýta mundi geta valdið þessu, ef hún kæmi af miklum krafti. Vitnið telur ólíklegt, að loftþrýstingur frá sprengingu hafi valdið tjóninu. Vitnið kveðst alltaf hafa haldið, að spýta eða fastur hlutur hefði farið í augað. Hefði glerflís farið í augað, þá hefði hún ekki sést á röntgenmynd, en ef glerflís hefði orðið eftir í auganu, mundi pilturinn hafa fengið bólguköst í augað síðar. Skýrsla stefnanda á dskj. nr. 5 og skýrsla stefnanda og vitnisins Ólafs Valssonar og Björns Gunnarssonar á dskj. nr. 3 voru lesnar upp í réttinum. Að gefnu þessu tilefni tekur vitnið fram, að það sé enn álit þess, að fastur hlutur hafi orsakað tjónið. Vitnið segir, að brunaleifar hefðu átt að sjást, ef brennandi efni hefði lent einhvers staðar utan við glæru augans. Ef um brunasár hefði verið að ræða, kveðst vitnið mundu hafa skráð um það athugasemd við skoðunina. Vitninu er sýnd rifin hetta á dskj. nr. 30. Telur vitnið mjög ósennilegt, að slík rifin hetta hafi valdið tjóninu, en kveðst ekki geta útilokað það.“

Ólafur Haukur Flygenring hefur hér fyrir dómi hinn 15. mars 1974 skýrt svo frá, að hann hafi skráð áðurgreint vottorð frá Hamarsbúð h/f frá 21. september 1974 samkvæmt beiðni Haralds Þorsteinssonar, föður stefnanda. Kveðst hann hafa sagt við Harald, að sér fyndist ósennilegt, að drengur, búsettur að Álftamyri 8, hefði keypt slíka eldflaug í Hamarsbúð, og hafi þeirri

athugasemd ekki verið svarað. Kveður hann það fyrst í þessu réttarhaldi, sem hann heyri, að einhver annar hafi keypt flugeldinn en hinn slasaði. Hann segir, að Hamar h/f reki ekki neina verslun í Tryggvagötu. Hann minnst þess ekki, að hann hafi heyrt um önnur slys, sem talið hafi verið, að „Orion“ eldflaugar hefðu valdið. Hann segir, að Hamarsbúð hafi fengið munnleg leyfi til flugeldasölu fram til ársins 1964, þegar tekið var að afhenda skrifleg leyfi.

IV.

Hinn 3. mars 1973 voru dómkvaddir þeir dr. Halldór Eliasson prófessor og Jóhann Jakobsson efnaverkfræðingur til að láta uppi álit í málinu. Skiluðu þeir álitssgerð, sem er dagsett 31. maí 1973. Þar segir m. a.: „Spurningalisti var lagður fyrir okkur að tilhlutan dómsins, og mun vikið að honum í lok matsgjörðar. Ennfremur fengum við í hendur leifar af eldflaug þeirri, sem talið er, að hafi valdið slysinu — hér eftir kölluð slysvaldur — og fjórar heilar eldflaugar af sömu tegund.

Rannsókn eldflauga. Í upphafi athugunar okkar þótti okkur nauðsynlegt að kanna innihald og gerð heillar eldflaugar og einnig að skera slysvaldinn eftir endilöngu til athugunar. Til þessa fengum við leyfi málsaðila. Fyrir og eftir uppskurð flauganna tókum við af þeim litmyndir í nokkrum stellingum og til samanburðar hvor við aðra. Eldflaug af þessari gerð samanstendur af eftirfarandi hlutum, sem alla má sjá á umræddum litmyndum:

1. Hylki úr pappa, 8 mm í þvermál og 42 mm á lengd með áföstum pappafótum að neðan. Ennfremur hefur papparör verið fest við hólkin með venjulegu glæru límbandi (breyting á flugeldunum, sbr. málsskjöl).
2. Plasthettu (uppmjórri með smágati efst), sem smeygt er yfir hylkið að ofan.
3. Leirtappa, sem lokar hylkinu að neðan.
4. Kveikjuþræði, sem gengur í gegnum leirtappann.
5. Þúðurhleðslu, sem komið er fyrir í hylkinu í tveim samlægum hlutum úr mismunandi þúðurbloðum. Neðri hlutinn er svart þúðurduft, og fyllir það um 80% hylkisins fyrir ofan tappann, en ofan á því er ljóst þúðurduft í lagi, sem nær að efri enda hylkisins, en þeim enda er lokað með þunnu bréfi. Við íkveikju í sýnishorni þúðursins, sem tekið var úr heilu eldflauginni, kom í ljós, að svarta þúðurduftið er venjuleg hæg-

brennandi púðurblanda, en ljósa púðurduftið er hraðbrennandi sprengipúður, sem gefur frá sér sterkt ljós. Greinilega er ætlazt til, að flaugin lyftist við bruna svarta púðursins, en spryngi síðan, þegar kveiknar í sprengipúðrinu, og er þá væntanlega gert ráð fyrir, að eldflaugin sé komin í sæmilega hæð.

Skotttilraun. Til að fá frekari staðfestingu á eðli eldflauganna þótti okkur nauðsynlegt að skjóta tveim af þeim þrem eldflaugum, sem voru eftir heilar. Fengum við til þess leyfi lögmanna málsaðila og aðstöðu í stálsmiðjunni á Austurbakka við Brunnstíg, en þar er nægilega hátt til lofts. Til vitnis voru mættir við tilraunirnar lögmennirnir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., fyrir sig, og Gunnar Sólmes, hdl., Ólafur Stefánsson, hdl. f. h. ríkissjóðs og Sveinbjörn Jónsson, hrl.

Við tókum bréfrörið af fyrri eldflauginni og stilltum henni upp á fótum hennar, eins og framleiðendur gera ráð fyrir. Eftir íkveikju vannst nægur tími til að komast frá eldflauginni, sem síðan tókst eðlilega á loft og flaug fyrst nokkuð beint upp í um 5 metra hæð, en sveigði síðan til hliðar og komst mest í um 9 metra hæð og í um 12—15 metra lárétta fjarlægð. Þá sprakk flaugin með nokkuð háum hveli og skæru ljósi. Í ljós kom, að plasthettan hafði rifnað að endilöngu, og efri helmingur hylkisins tættst af og splundrazt (fannst ekki, en neðri helmingur er í svipuðu ásigkomulagi og slysvaldurinn og er varðveittur, ásamt rifinni plasthettu). Seinni eldflaugina létum við halda bréfrörinu og settum hana á flösku með bréfrörið ofan í. Eftir íkveikju virtist aðeins skemmri tími líða til flugtaks, en þó nægur til að komast frá flauginni í örugga fjarlægð. Flaugin fór nokkuð lóðrétt upp og sprakk í um 7 til 8 metra hæð. Hvellur varð mun daufari en í fyrra skiptið og ljós minna, eða dreifðara. Í ljós kom, að plasthettan var heil og hafði því einungis skotizt fram af hylkinu.

Ljóst er af ofansögðu, að eldflaugin flaug mun lengri vegalengd, a. m. k. 12 metrum lengra við fyrri tilraunina, áður en sprenging varð. Þetta getur þó ekki stafað af því, að bréfrörið var tekið af í fyrra skiptið, en ekki það seinna. Púðurhleðsla seinni flaugarinnar hefur brunnið mun hraðar en þeirrar fyrri og eldur fyrr komizt í sprengjupúðrið. Plasthettan getur hafa verið lausari á í seinna skiptið, enda hafði hún legið laus og við sett hana á eldflaugina, en fyrri eldflaugin hafði hettu fyrir.

Niðurstöður. Fyrst skal lýst því, sem á að gerast eftir íkveikju kveikjuþráðar eldflaugar í lóðréttri stöðu hennar. Eftir að kveiki-

þráður hefur brunnið í gegnum tappann, en við það myndast gat í gegnum tappann, þá kveiknar í svarta púðrinu og gas, sem myndast við brunann, þrýstist út um gatið á tappanum og tekur með sér eitthvað af óbrunnu og brennandi púðurdufti (töluverð sletta af óbrunnu púðri sat eftir á gólfi og flöskustút við tilraunir okkar. Samkvæmt Chemistry of Powder and Explosives, T. L. Davis Rh.D. 1956, verður við bruna á svörtu púðri aðeins 43% af þunga þess í formi gass, en 56% sem föst efni). Við þennan þrýsting lyftist eldflaugin og heldur áfram að lyftast, meðan púðrið brennur upp eftir hylkinu. Bruninn á að færast smám saman upp eftir hylkinu og ekki vera hraðari en það, að gasið nái að streyma út um hið litla op á afturenda flaugarinnar, þannig að ekki myndist nægjanlegur þrýstingur inni í hylkinu til að sprengja það. Þegar hins vegar bruninn nær sprengipúðrinu, sem er komið fyrir efst í hylkinu, þá eykst hraði brunans það mikið, að eldflaugin springur. Plasthettunni er ætlað að auka áhrif sprengingarinnar, sérstaklega hvað hvell varðar, en einnig að þjappa ljósmyndun á minna svæði. Eldflaugin á að fara nokkurn veginn beint upp í a. m. k. 5 metra hæð, en getur síðan sveigt til hliðar af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna breytinga á afstöðu þyngdarpunkts flaugarinnar vegna brunans.

Næst viljum við gera grein fyrir þeim frávikum, sem geta orðið frá áætlaðri hegðun, eða því sem getur gerzt. Meginhættan er fólgin í því, að sprenging verði fyrr en ætlazt er til, og er það einkum tvennt, sem getur stuðlað að því. Í fyrsta lagi getur gat það, sem myndast í tappanum við bruna kveikjuþráðarins, orðið eitthvað minna en til er ætlazt, þannig að hraði brunans verði of mikill, miðað við gasstreymið út um gatið, og eldflaugin sprungið. Í öðru lagi þornar púður við geymslu og dregst saman. Við það myndast holrúm í hylkinu, en það getur einnig gerzt við óvarlega meðhöndlun eldflaugar. Sérstaklega í þessu tilviki, þar sem hylkið er gert úr sveigjanlegum pappa, getur óvarleg handfjötlan orsakað myndun holrúms upp eftir hylkinu. Þetta getur hins vegar orsakað mun hraðari bruna púðursins, jafnvel að kveikni strax í púðri upp eftir öllu hylki og sprengipúðri þar með. Þá springur eldflaugin, áður en hún er komin verulega eða jafnvel nokkuð á loft.

Önnur hætta er fólgin í því, að eldflaugin sveigi of fljótt frá lóðréttri stefnu og beinist í lárétt flug í lítilli hæð. Þetta gerist þó ekki, ef flaugin er upphaflega í lóðréttri stöðu, frjáls til að lyfta sér og þyngdarpunktur hennar nálægt upphafi brunans

(við tappann inni í flauginni). Meginhlutverk stangar aftur úr eldflaug er að fá þyngdarpunkt hennar á réttan stað, auk þess sem nota má stöngina til að halda eldflauginni í lóðréttri stöðu. Papparör það, sem fest var við eldflaugarnar, mun ekki hafa breytt legu þyngdarpunktsins verulega, eða til hins verra. Hugsanlegt er, að papparörið geti beyglazt og veitt eitthvað viðnám við að fara upp úr flöskunni, en ekki er líklegt, að það hafi veruleg stefnubreytandi áhrif á flugið.

Sennilegasta orsök slyssins. Miðað við þá lýsingu dómsskjala, að polandi slyssins hafi verið í um seilingarfjarlægð frá flugeldi eftir íkveikju, útliti slysavaldandi eldflaugarleifa og könnun okkar á þessari tegund eldflauga, þá þykir okkur sennilegast og raunar líklegt, að eldflaugin hafi sprungið, áður en hún komst lengra en um tvo metra. Sennilegustu orsök svo skjótrar sprengingar teljum við vera holrúmsmyndun inni í hylki eldflaugarinnar, svo sem áður er lýst. Mjög ósennilegt er, að púðurneistar, sem koma aftur úr opi eldflaugarinnar við eðlilegan bruna, hafi valdið slysinu. Áhrifa þeirra gætir einungis mjög stutta vegalengd, minna en 1 metra, og þeir beinast niður og endurkastast ekki af föstum flötum.

Svör við spurningum á málsskjali nr. 50 frá 1. 3. 1973:

1. Flugeldar, sérstaklega þeir með sprengihleðslu, eru hættuleg tæki í notkun, sé ekki gætt fyllstu varúðar og nægjanlegrar fjarlægðar við skot.
2. Litlir flugeldar eru venjulega í óvönduðum umbúðum og að öðru leyti óvönduð framleiðsla, og verður að telja meiri hættu á, að þeir sprynghi heldur en stórir, vandaðir flugeldar. Litinn, óvandaðan flugeld með sprengihleðslu verður að telja sérstaklega varhugaverðan, en slysvaldur var af þeirri gerð.
3. Slysvaldurinn hefur sennilega verið eins að allri gerð og þær flaugar sömu tegundar og við fengum undir hendur. Þó getur verið, að slysvaldurinn hafi orðið fyrir meira hnjaski, en það getur haft alvarlegar afleiðingar.
4. og 6. Sjá *Niðurstöður* matsgjörðar.
5. Eins og áður kemur fram, teljum við, að þyngdarpunktur flaugarinnar hafi ekki breytzt, svo um muni, við breytingu hennar. Því teljum við breytinguna ekki skipta neinu máli til eða frá, hvað snertir flugeiginleika flaugarinnar. Ljóst er, að flaugin er stöðugri, t. d. í vindi, með rörið í flösku í stað stöðupappafóta, en einnig má benda á, að svo veigalítið

- bréfrör getur auðveldlega beyglazt. Í þessu sambandi viljum við samt leggja mesta áherzlu á það, að meðhöndlun flaugganna í sambandi við breytinguna hefur alla vega ekki verið til bóta, og orkað getur tvímælis, að nægilegrar varúðar hafi verið gætt við meðhöndlun þá, sem af breytingunni leiddi.
7. Miðað við þessa tegund flugelda, teljum við, að standa beri að minnsta kosti í fimm metra fjarlægð frá flugeldi eftir íkveikju, ef gæta skal sjálfsagðrar varúðar. Ef gæta skal fyllsta öryggis, verður að taka tillit til hugsanlegrar sveigju flaugarinnar, og dugar þá ekki minna en 10 metra fjarlægð frá flauginni.

8. Tvímælalaust teljum við rétt að hafa varúðarreglur skráðar á flugelda, og helst að örugg fjarlægð við skot sé tilgreind.“

Matsmaðurinn Halldór Elíasson hefur hér fyrir dómi hinn 12. október 1973 skýrt svo frá, að ekki hafi verið notuð mælitæki við að mæla tíma og vegalengdir, þegar skottílaun fór fram. Matsmenn fengu upplýsingar um hæð bita í lofti skemmunnar og notuðu það til viðmiðunar um hæð flugsins, en láréttar fjarlægðir mældu þeir aðeins með því að stika þær. Töldu þeir enga ástæðu til að mæla með meiri nákvæmni, þar sem eðlilegt sé, að það skipti nokkrum metrum, hvað flaugin fer langt. Matsmaðurinn kveðst hafa kveikt í báðum eldflaugunum, og í hvort skiptið kveðst hann hafa fært sig frá eldflauginni að minnsta kosti 10 metra, en hinn matsmaðurinn stóð aftar og eitthvað til hliðar, en sjónarhornið frá báðum matsmönnum var mjög svipað. Matsmaðurinn gekk hratt frá eldflaugunum, staðnæmdist og þurfti að bíða andartak, áður en þær hófust á loft. Það er álit matsmannsins, að seinni eldflaugin hafi sprungið fyrr og því farið skemmri vegalengd. Matsmaðurinn upplýsir, að það, sem sagt er í matsgerðinni um hugsanlega myndun holrúms í hylki eldflaugar, eigi almennt við eldflaugar skv. heimildum, sem matsmenn hafa aflað sér. Matsmaðurinn er beðinn um rökstuðning fyrir því áliti matsmanna á bls. 5 í matsgerðinni, að eldflaugin hafi sprungið, áður en hún komst lengra en um tvo metra. Matsmaðurinn svarar: „Ég lít svo á, að ef eldflaugin hefði farið lengri vegalengd en nemur um fjórum metrum, þá sé mjög ósennilegt, að hún hefði valdið því slysi, sem varð.“ Matsmaðurinn upplýsir, að áætlanir um fjarlægð, sem neistar geti flogið frá umræddri eldflaug, bæði púðurneistar aftur úr opi eldflaugar og neistar frá sprengingu flaugarinnar, séu al-

mennar ályktanir matsmanna, en þó höfð viðmiðun við tilraunirnar, sem gerðar voru. Matsmaðurinn tekur fram, að þar sem talað er um einn metra, sé átt við púðurneista, sem koma aftur úr opi eldflaugarinnar, þegar hún lyftir sér. Matsmaðurinn segir, að brennandi púður eða aðrir brennandi hlutar eldflaugarinnar hafi líklega farið í auga drengsins.

Vitnið Þórarinn Símonarson flugeldaframleiðandi hefur að ósk aðilja komið fyrir dóminn og látið í ljós álit sitt. Vitnið telur ekki útilokað, að gallar hafi verið í umræddum flugeldi, hugsanlega frá upphafi, en einnig kunni flugeldurinn að hafa skemmt í meðhöndlun, eftir að framleiðandi afhenti hann. Vitnið kveðst ekki framleiða svona litlar eldflaugar og ekki hafa kynnst slíkum eldflaugum. Þær eldflaugar, sem vitnið framleiðir, eru stærri og pappahulstrið, sem er utan um púðrið, er mun sterkara en pappinn í þeirri eldflaug, sem málið fjallar um. Vitnið telur, að pappinn í þessari eldflaug, sem umlykur púðrið, sé svo veigalítill, að ekki þurfi mikið hnjask að koma til, svo að breyting verði á púðrinu. Púðrið sé steypst inn í hólkin, og ef það mylst á einhvern hátt, þá geti það orsakað, að sprengingin verði öflugri og öðruvísi en til sé ætlast. Vitnið kveðst vita þess dæmi, að geymsla á flugeldum hafi haft þau áhrif, að púðrið hafi innþornað þannig, að eldflaugarnar sprungu strax. Taldi vitnið, að flugeldarnir hefðu verið geymdir í hita og eldurinn hafi komist í meira sprengiefni í einu við innþornunina en til var ætlast. Sé flugeldur geymdur í of rakri geymslu, verða áhrifin alveg öfug, þannig að þeir lyfta sér ekki frá jörðu.

V.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að hann telur fullsannað, að hann hafi hlotið örkuml sín frá flugeldi þeim, sem lagður hefur verið fram í málinu, en það sé sami flugeldurinn, sem Ólafur Valsson keypti í Hamarsbúð h/f. Flugeldurinn hafi verið gallaður og slysið verði beinlínis rakið til hinna leyndu galla flugeldsins. Gallarnir kunni að hafa verið upprunalegir, þ. e. að flugeldurinn hafi verið hættulegur frá upphafi. En fullvíst megi telja, að breytingin, sem heildsalinn, stefndi Lárus Ingimarsson, gerði á flugeldinum, hafi bæði beint og óbeint verið til þess fallin að gera flugeldinn hættulegan. Í stefnu er því haldið fram, að stefnandi hafi fengið neista í augað úr flugeldinum og að neisti þessi hafi komið í gegnum smágat, er var á plast-

rörinu. En við hinn munnlega málflutning var á því byggt, að flugeldur þessi hafi verið gerður úr svo ótraustu efni, að hið minnsta hnjask hafi getað fært púðrið í honum svo úr lagi, að sprengingin í flugeldinum hlaut að verða mun öflugri og með allt öðrum hætti en til var ætlast. Vegna hins veiklaða ástands flugeldsins hafi hann í eðli sínu verið óvenjulega hættulegur. Þessi hætta hafi þó verið sérlega dulin, vegna þess hve hann var lífill og næsta sakleysislegur í útliti. Alveg sérstök ástæða hafi því verið að skrásetja glöggar og rækilegar varúðarreglur á flugeldinn, til þess að hver sá, sem meðhöndlaði hann, gæti gert sér grein fyrir hættueiginleikum hans. Hinn japanski framleiðandi hafi að vísu haft nokkra tilburði í þessa átt með því að skrásetja nokkrar aðvaranir á ensku á pappafætur flugeldsins. Þær leiðbeiningar hafi þó tæpast verið nægjanlegar fyrir enskumælandi fólk, en alls kostar ófullnægjandi fyrir íslenskan markað, þar sem innflytjandinn hafi mátt gera sér grein fyrir því, að slík tæki sem flugeldar eru séu einkum notuð af unglingum, sem almennt hafi ekki vald á enskri tungu, og að slíkar aðvaranir á því máli gætu ekki komið að neinu viðhlítandi gagni. Stefndi Lárus Ingimarsson, sem flutti inn og breytti flugeldinum og sendi hann á markað hér á landi án þess að láta nauðsynlegar varúðarreglur fylgja með, beri því ótvírætt skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir. Lögreglan í Reykjavík hafi samþykkt breytinguna á flugeldinum og leyft sölu hans hér á landi. Verði ríkissjóður því einnig að bera ábyrgð á þeim mistökum starfsmanna sinna. Stefndi Hamarsbúð h/f hafi tekist á hendur að selja hinn gallaða flugeld. Verði þessi stefndi því einnig meðábyrgur fyrir öllu tjóni stefnanda. Beri því að dæma alla stefndu skaðabótaskylda vegna slyssins og dæma þá in solidum til að greiða hina umkröfðu fjárhæð.

Af hálfu stefnanda er öllum varnarástæðum stefndu mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi sé réttur aðili, sem eftir atvikum hafi haldið máli sínu rétt til laga, án þess að um tómlæti eða fyrningu sakar geti verið að ræða. Stefnandi hafi ekki átt neina sök á slysinu. Þá er kenningunni um samþykki áhættunnar mótmælt sem rangri og óviðkomandi máli þessu.

Páll Sigurðsson læknir hefur hinn 10. maí 1968 metið örorku stefnanda, og er varanleg örorka stefnanda metin 20%.

K. G. Guðmundsson hefur áætlað örorkutjón stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína nú þannig:

1. Örorkubætur	kr. 1.374.482
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og önnur óþægindi —	350.000

Kr. 1.724.482

VI.

Stefndi Lárus Ingimarsson styður sýknukröfu sína þeim rökum, að ekki sé upplýst og því ósannað, hvernig slysið varð. Félagar stefnanda kannist t. d. ekki við, að sprenging hafi orðið í flugeldinum. Piltunum þrem beri ekki saman, hvernig þeir stóðu að þessu og stefnanda beri heldur ekki saman við sjálfan sig. Vegna seinagangs af hálfu stefnanda að hefja rannsókn í málinu verði stefnandi að bera hallann af sönnunarskorti um einstök atvik. Félagarnir Ólafur og Björn haldi því t. d. fram, að eldflaugin hafi farið eðlilega upp. Það sé því algerlega óupplýst, hver sé orsökina til þess, að stefnandi missti sjón á auganu. Vel megi láta sér detta í hug, að neisti úr eldspýtu hafi flogið í auga stefnanda. Eitt sé víst, að breytingin á eldflauginni hafi ekki haft nein áhrif til eða frá um hættueiginleika eldflaugarinnar, og að minnsta kosti ekki til hins verra, og umræður lögmanns stefnanda um gat á plaströri séu á misskilningi byggðar. Fullyrðingu stefnanda um það, að breytingin hafi verið orsök að slysinu, er mótmælt sem rangri og ósannaðri, en breyting þessi hafi verið gerð samkvæmt beinum fyrirmælum lögreglunnar og hafi hlotið samþykki hennar. Þá mótmælir stefndi því, að hin umrædda eldflaug hafi verið haldin nokkrum galla yfirleitt eða skaðlegum eiginleikum, sem hafi gert það að verkum, að hún hafi hagað sér óeðlilega. Sala flugelda sé leyfð hér á landi og því í alla staði lögleg. Það geti alltaf orðið slys af slíkum flugeldum, enda hafi þau orðið, en þessi slys hafi alltaf orðið vegna handvammrar þeirra, sem fóru með flugeldana hverju sinni. Allir viti, að flugeldar geti verið hættulegir. Með því að kaupa flugelda og skjóta þeim á loft taki menn á sig vísvitandi vissa áhættu, þ. e. samþykkja áhættuna, sem er samfara þessum leik að skjóta á loft flugeldum, sbr. kenninguna um „akcept af risikoen“. Að því er varðar eigin sök stefnanda er á það bent, að félagar hans hafi snúið sér frá eldflauginni, þegar henni var skotið á loft, en stefnandi hafi snúið fram í áttina að eldflauginni. Mikill munur sé á því, hvernig stefnandi og félagar hans tveir höguðu sér, enda hafi farið sem fór. Stefnandi, sem var 14 ára, hafði áður séð þessum flugeldum skotið á loft og taldi þá springa í lítilli hæð. Þrátt

fyrir þetta og hvasst veður hafi stefnandi næstum klesst andlitinu upp að flugeldinum með opin augun. Á þessari háttsemi stefnanda geti enginn annar borið ábyrgð en hann sjálfur. Annað væri ósanngjarnt, ranglátt og óeðlilegt. Eigin sök stefnanda leiði því einnig til sýknu.

Þá heldur stefndi Lárus því fram, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti, að jafnvel þótt stefnandi kynni að hafa átt einhvern rétt, þá sé krafa hans fallin niður fyrir aðgerðarleysi. Slysið hafi orðið 1. janúar 1964, en stefnan í málinu hafi fyrst verið gefin út 20. janúar 1970. Rösk 6 ár hafi því verið liðin frá slysdegi. Stefnandi hafi enga afsökun fyrir þessum óvenjulega langa drætti.

Þá er sýknukrafan studd þeim rökum af hálfu stefnda Lárusar, að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir fyrningu. Hér hafi verið um að ræða lausafjarmuni. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að kvarta út af flugeldinum, sbr. ákvæði lausafjárkaupalaganna nr. 39/1922. Slík kvörtun hafi engin borist til stefnda Lárusar innan árs, eins og kaupalögin geri ráð fyrir. Stefndi Lárus hafi fyrst fengið að vita um slysið 14. febrúar 1968. Með því að vanrækja að bera fram kvörtun við stefnda Lárus hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum gagnvart stefnda Lárusi, sbr. 54. gr. kauplaganna. Ef ekki verði á þetta fallist, þá er á það bent, að krafan hafi fallið niður fyrir fyrningu samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, en þar sé tekið fram, að á fjórum árum fynnist kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum, en ákvæðið taki einnig til skaðabótakrafna í tengslum við vöruafhendinguna.

Að lokum hefur því verið hreyft af hálfu stefnda Lárusar, að ekkert samhengissamband hafi stofnast milli kaupanda flugeldsins og stefnda Lárusar og þaðan af síður milli stefnanda og stefnda Lárusar. Þannig komi til álita að sýkna vegna aðildarskorts.

Af hálfu stefnda Lárusar er varakrafa studd þeim rökum, að hvernig sem á málið sé litið, megi ljóst vera, að stefnandi hafi sýnt svo stórkostlegt gáleysi, að til sakarskiptingar eigi að koma, þar sem telja verði, að stefnandi eigi meginsök á, hversu illa tókst til. Þá er fjárhæð bótakröfunnar mótmælt sem of hárrí og þá beri að lækka kröfurnar vegna eingreiðslu og skattfrelsis.

VII.

Stefndi Hamarsbúð h/f hefur tekið undir þær varnarástæður, sem stefndi Lárus hefur haft uppi í málinu, sbr. kaflann hér á undan. Er því haldið fram af hálfu stefnda Hamarsbúðarinnar

h/f, að ekki liggi ljóst fyrir, hvað olli slysinu, en helst mætti láta sér detta í hug, að neisti hafi kastast úr flugeldinum eða glóð af eldspýtu hafi spýst í auga stefnanda. Stefnandi hafi alls ekki sýnt þá aðgát, sem af honum mátti krefjast. Hann hafi verið 14 ára og því mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem almennt er samfara eldflaugum. Íslensk dómasöfn séu fátæk af slíkum tilvikum, sem hér um ræðir, en í Ugeskrift for Retsvesen 1952, bls. 600, sé rakinn dómur um hliðstætt tilvik, þar sem seljandi flugelds hafi verið sýknaður af skaðabótakröfu vegna skaða, sem flugeldur hafði valdið á auga 11 ára drengs. Í forsendum dómsins hafi ekki verið talið skipta máli, að brotið hafði verið ákvæði danskra laga um bann við sölu flugelda til barna undir 18 ára aldri. Er öllum kröfum stefnanda mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

VIII.

Stefndi ríkissjóður mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda og stefnda Lárusar Ingimarssonar, að lögreglan hafi lagt til, að umræddri gerð flugelda yrði breytt, sem ósannaðri svo og að lögreglan hafi leyft sölu á umræddri gerð flugelda eftir breytinguna. Þá sé ekki í ljós leitt, að umrædd gerð flugelda hafi orðið hættulegri við það, að henni var breytt. Því er einnig mótmælt, að ríkissjóður sé bótaskyldur vegna slyss þess, er stefnandi varð fyrir, jafnvel þótt svo ólíklega kynni að fara, að áðurnefnd fullyrðing teldist sönnuð í málinu. Af hálfu ríkissjóðs er að öðru leyti tekið undir þær varnarástæður, sem stefndi Lárus hefur haft uppi í málinu. Er á það lögð áhersla af hálfu stefnda ríkissjóðs, að ekki sé sannað, að slysið hafi orðið vegna galla af flugeldi af umræddri gerð, heldur hafi slysið stafað af óaðgætni stefnanda, þegar hann skaut flugeldinum á loft.

IX.

Flugeldar eru hættuleg leikföng, og verður að gæta fyllstu varúðar við meðferð þeirra.

Ekki er sannað, að flugeldurinn, sem matsmenn kalla „slyvald“, sé sá, sem piltarnir skutu af tröppunum. Þó svo væri, verður ekki séð á leifum hans, að hann hafi brunnið eða sprungið með óeðlilegum hætti.

Ekkert bendir til þess, að sú breyting, að plaströr var fest á flugeldinn, hafi út af fyrir sig gert hann hættulegri.

Félagar stefnanda þeir Ólafur Valsson og Björn Gunnarsson

urðu þess ekki varir, að sprenging yrði í flugeldinum í þann mund, sem honum var skotið á loft. Augnlæknirinn Bergsveinn Ólafsson hefur látið í ljósi það álit sitt, að sárið stafi frá hlut, sem hafi myndað 5 mm langt sár og gengið allt að centimetra inn í augað, og að sá hlutur, sem inn í augað fór, hafi farið út úr því aftur og enn fremur, að allmikinn kraft hafi þurft til að valda tjóninu og að áverkinn hafi ekki komið af bruna, að minnsta kosti ekki fyrst og fremst. Þegar þessar skýrslur eru virtar svo og málavextir að öðru leyti og hafðar í huga þær sönnunarreglur, sem hér eiga við, verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki fært fram nægar sannanir fyrir því, að umræddur Orion-flugeldur eða hluti úr honum hafi valdið sárinu á auganu. Jafnvel þótt talið yrði sannað, að flugeldur af Orion-gerð hafi valdið slysinu, er ekki unnt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt það hafi gerst. Margir möguleikar koma þá til greina, t. d. framleiðslugalli, galli vegna rangrar meðferðar seljanda, rangrar meðferðar kaupanda eða rangrar aðferðar við skot. Vegna hinnar miklu óvissu um þessi atriði yrði ekki hjá því komist, eins og atvikum er háttað, að láta stefnanda bera hallan af sönnunarskortum um þessi atriði. Leiðir þetta til þess að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 206.987, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í málssóknarlaun.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum dr. Þorsteini Sæmundssyni stjórnfræðingi og Þorvaldi Búasyni eðlisfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Lárus Ingimarsson, Hamarsbúð h/f og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Þorsteins Haraldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 205.987, greiðist úr ríkissjóði, og þar af ber talsmanni stefnanda, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í málssóknarlaun.